

| tíska | tíðarandinn | heilsa | börn | safnarinn | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

● *segir sögur*

MATUR

» heimalagaðir fiskborgarar

HÖNNUN

» íslenski hnífasmíðurinn



HÖRÐUR TORFASON

» *Sáðmaður söngvanna*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
8. - 14. september



Hrukkur minnka,

Þegar húðin er byggð upp innanfrá.

LIFTACTIV PRO

Fyrirbyggjandi krem gegn hrukkum

Dregur úr fyrstu hrukkum og stinnir húðina*. Sjáanlegur árangur er 43%**

Fibrocyclamide™ er fyrsta virka efnið sem getur byggt húðina upp innanfrá, svo hún viðhaldi teygjanleika sínum og þéttni. Húðin byggist upp innanfrá og verður sléttari. Inniheldur Vichy lindarvatn.

Fibrocyclamide™ viðheldur uppbyggingu trefjaforðans*



Öldruð húð:
Dregið hefur úr trefjaforðanum.



Eftir notkun Fibrocyclamide™:
Trefjaforðinn endurnýjast.

LiftActiv Pro – sannreynð áhrif*



Fyrir notkun:
Sjáanlegar hrukkur.



Eftir notkun:
Dregið hefur úr sjáanlegum hrukkum um allt að 50%.

Dæmin sýna bestan árangur.



NÝTT
BYGGT Á
10 ÁRA
RANNSÓKNUM

Vichy fæst eingöngu í apótekum, þar sem þú færð faglega ráðgjöf um umhirðu húðar.

VICHY – HEILSULIND HÚÐARINNAR



haltu svörtu flíkinni þinni svartri





16



32



26



20

Þetta helst

- 7 Umferðin þyngist
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Hrundar Óskar Árnadóttur
- 12 Sagan sem ég vil segja

Greinar og viðtöl

- 14 Veifaðu fingrunum með varúð
- 16 Hörður Torfason: Sádmaður söngvanna
- 20 Íslenska lopapeysan

Hann/hún

- 26 Heimalagaðir fiskborgarar
- 28 George Holmes: Hér fæ ég frið
- 32 Gömul tíska í tísku
- 34 Emilía Örlýgsdóttir elur upp
- 36 Íslenski hnífasmíðurinn
- 38 Safnarinn
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Góð ráð fyrir fartölvu-unnendur
- 44 Húð og sykur
- 46 Fimm hlutir sem einhleypur karl verður að eiga

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

birta

8. -14. september 2006 nr. 36

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
 RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
 kristineva@frettabladid.is
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
 steinunn@frettabladid.is
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
 Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796
 Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
 Arnór Bogason

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 FORSÍÐUMYND: Heiða
 NETFANG: birta@frettabladid.is
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

afgangar

e. Agnar Jón



Elma Lía Gunnarsdóttir

Stefán Hallur Stefánsson

Sýningar tímar :

Laugardagurinn 9. september kl. 21:00

Fimmtudagurinn 17. september kl. 21:00

Föstudagurinn 18. september kl. 21:00

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 www.midi.is





Texti: TRYGGVI
Mynd: STEFÁN

UMFERÐIN ÞYNGIST

Rétt eins og það er óumflýjanlegur fylgiskur haustsins að kaldir vindar blási, farfuglar fljúgi í suðurátt og laufin gulni, fer umferðin að aukast. Skólarnir eru byrjaðir og það þýðir að þúsundir ungra ökumanna bætast við umferðarpungann á annatíðum.

Það er tilgangslaust að kvarta undan

umferðinni. Jafn tilgangslaust og að kvarta undan því að lauf falli. Ef þú situr í bíl og bölvar næsta ökumanni í hljóði geturðu gengið út frá því að hann sé að gera það sama. Vaknaðu heldur fyrir og slepptu því að horfa á Jay Leno kvöldið áður. Njóttu þess að vera á undan umferðinni, græða tíma og mæta á skrifstofuna á meðan

allt er hljótt og loksins hægt að koma einhverju í verk.

Nú, ef þér hugnast ekki að vakna fyrir geturðu alltaf keypt risatrukk og keyrt yfir alla hina bílana og mætt þannig á réttum tíma. Birta hins vegar mælir eindregið gegn því og ætlar því að stilla vekjarklukkuna hálf tíma fyrir á mánudaginn.



ER EKKI RÉTT AÐ SKREPPA Í RÉTTIR?

Hvergi fáum við eins gott tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna, sjálf okkur, sögu þjóðarinnar og fólkið sem ber hana á herðum sér og einmitt í réttunum. Fé sem rekið er af fjalli á haustin er smalað saman á einum stað svo að bændur geti endurheimt búpening sinn og leitt hann til slátrunar. Slík er framvinda lífsins og það kristallast fyrir augum manns, mitt á milli allra hornanna og klaufanna. Allt í einu gengur dæmið upp, maður skilur lífið. Réttir eru líka einn stærsti félagslegi viðburður ársins í fjölmörgum sveitarfélögum og í þeim sveitum sem bera hærri stuðeinkunn en aðrar lýkur deginum á ekta réttardansleik, hvar piltar og stúlkur á öllum aldri gera sér dagamun í tilefni þess að fé sé komið í hús.

ÞAÐ ER LYKILATRÍÐI AÐ VERA RÉTT KLÆDDUR Í RÉTTUNUM

Háhæluðu stígvélin, hvítu lakkskórnir og andlitsfarðinn eiga álíka mikið erindi í Skeiðaréttir og fiskur á þurrt land. Það er ekki þar með sagt að maður þurfi að vera eins og drusla til fara. Lærum af fagmönnum og klæðumst eins og finir bændur, eða grípum til öruggu leiðarinnar og smellum okkur í lopapeysu og gúmmistígvél.



GOTT NESTI ER GULLS ÍGILDI Það getur verið kalt á haustin og því er kakóbrúsi allt annað en vitlaus farangur.

| heitt & kalt |

Heitt

KONUR MEÐ BINDI Það er bara eitt-hvað við það.

Volgt

ÞYKKIR JAKKAR Því nú er haustið komið.

Hvorki heitt né kalt

FLÍSPEYSUR eru ekki jafn flottar og ullin en stinga ekki.

Við stofuhita

PALESTÍNUKLÚTAR Voru aldrei töff.

Ískalt

SAKARUPPGJÖF PÓLÍTÍKUSA Hvert stefna stjórnvöld?

ÞEGAR HEIM ER KOMIÐ er rétt að gera góðan dag betri með ekta íslenski kjötsúpu. Þá geta allir farið að sofa með fullan maga og bros á vör.



SÝNUM SAM-STÖÐU með þeim sem minna mega sín. Það hlýtur að vera erfitt að vera kind í réttunum. Þar er þröngt og ruglingslegt og þær hlýtur að langa aftur á fjall. Það mannlaga í stöðunni er að sýna málstað þeirra skilning. Kindabolirnir sívinsælu koma hér sterkir inn.



BESTA LEIÐIN TIL AÐ HALDA Á SÉR HITA er að demba sér út í ösina og byrja að draga í dilka. Það er líka ekkert gaman að vera alltaf á hliðarlínunni. Fáðu einhvern bónda til að sýna þér markið hans og leitaðu svo að rétt klipptum kindaeyrum, gríptu í hornin á eiganda þeirra og berstu með hann í gegnum þvöguna til síns heima. Þá fyrst veistu hvað það er, að vera lifandi.



20 - 40% afsláttur af orkurikum og grennandi EAS heilsuvörum.
Meðan birgðir endast!



Njóttu lífsins..
í heilbrigðum líkama

netto



Myoplex Diet
móltíðendrykkur

- Fullkomin næringarlausn fyrir uppbyggingu og grenningu
- Aðeins 200 hitaeiningar
 - 26 vitamin og aternæmi
 - Með glútamín og trefjum
 - 50% RDS af kalki
 - 25 gr. af hágæða próteínum

NÝTT



Diet
titubrennskulyki

- Letari leið til greningar
- Drvar flutbrennskulefnaskipti
 - Eykur einbeitingu og orku
 - Mænkur matarlýst
 - Hefur kosti þrávænarefna



Myoplex Diet
móltíðurstöng

- Orkurík og grennandi móltíð
- 15 gr. af uppbyggjandi próteínum
 - Mikilvæg vitamin, aternæmi og trefjar
 - Aðeins 210 hitaeiningar
 - Ljúffengar bragðgæundir



brennslan mín ...
Hrund Ósk Árnadóttir söngkona

Lög sem mig langar til að syngja

Hrund Ósk Árnadóttir vakti verðskuldaða athygli í sumar þegar hún söng Eyjalagjö, fyrsta allra kvenna. Hrund ákvað samt að sleppa öllum Eyjalögum í brennslunni sem hún var fengin til þess að gera fyrir Birtu. „Þetta er þversnið af því sem ég hlusta og líka allt lög sem mig langar til þess að syngja í framtíðinni,“ útskýrir Hrund brosandí. „Þarna eru reyndar meira af rólegum lögum en hröðum, eiginlega mest sorgleg lög. Kannski er það út af því að ég er svo gömul sál,“ segir Hrund hlæjandi að lokum.

LAG 1	Poison Oak - Bright Eyes Virkilega flott lag, vel uppbyggt og áhrifamikilið í einfaldleika sínum. Lag sem að hreyfir við mér.
LAG 2	Come on in My Kitchen - Cassandra Wilson Gamalt blúslag eftir Robert Johnson sem Cassandra Wilson útsetur virkilega vel.
LAG 3	Wheels on Fire - The Magic Numbers Lag sem greip mig um leið og ég heyrði það. Það er eitthvað svo einlægt ...
LAG 4	Ne me quitte pas - Nina Simone Lag og texti eftir Jaques Brell en að mínu mati er það best í hennar flutningi. Þetta er eitt af fallegri ástarljóðum sem samín hafa verið ... þvílík örvænting!
LAG 5	They Won't Go When I Go - Stevie Wonder Uppáhaldslagið mitt með Stevie Wonder. Söngurinn og röddunin í laginu er meistaraverk.
LAG 6	Icecream Man - Tom Waits Töff lag og texti eins og vill oft verða hjá þessum meistara - alltaf góður.
LAG 7	Thrill is Gone - BB King Mig hefur alltaf langað að syngja þetta lag og varð því að hafa það með. Æðislegur flutningur.
LAG 8	My Man - Billie Holiday Ég hefði getað látið brennsluna samanstanda eingöngu af lögum með henni en kaus að hafa þetta aðeins fjölbreyttara. Ég valdi lagið því það hefur verið í upphaldi í sumar.
LAG 9	Day Old Blues - Kings of Leon Rödd söngvarans er svo hrá og skemmtileg og þetta lag finnst mér bara æði.
LAG 10	Wade in the Water - Mavis Staples og Lucky Peterson Gospel eins og það gerist best. Lagið er af diskí sem er tileinkaður Mahalia Jackson og þau flytja öll lög af mikilli sníld. Þetta lag stendur samt alltaf upp úr.

» birta mælir með ...

KVIKMYNDINNI CAPOTE sem fjallar um rithöfundinn Truman Capote en hann skrifaði meðal annars *Breakfast at Tiffany's*. Í myndinni er einblínt á sérstætt samband Capotes við fangann Perry Smith og sýnir Philip Seymour Hoffman sníldartakta í aðalhlutverkinu sem færði honum Óskarsverðlaun fyrir á þessu ári.



GEISLADISKNUM LOVE AND YOUTH með sænsku söngkonunni Jenny Wilson. Ferskt og gott artí popp sem kemur skemmtilega á óvart.

K WEST HOTEL AND SPA í Notting Hill í London. Stutt er í næstu lestarstöð þar sem tekur aðeins nokkrar mínútur að fara með lest inn á Oxford stræti, þangað sem flestir sækja. Notting Hill er líka fallegt og skemmtilegt hverfi sem gaman er að rölta um og stutt er inn á verslunargötuna High Street Kensington. Hótelíð sjálf er nútímalegt með Phillip Starck innréttingum og oft er mikið fjör á barnum á kvöldin, en þangað sækir mikið af ungu tónlistarfólki.



Allar myndir á einn stað

NÝTT

Fallegar ljósmyndir í ramma geta gert mikið fyrir heimilið. Verst samt að ef maður á margar góðar myndir getur verið erfitt að velja úr og fyrir en varir eru fjörutú ramma á einum einasta vegg. Til að bæta gráu ofan á svart verður maður svo fyrir leiður á sumum myndum en öðrum og þá þarf að hafa fyrir því að finna eitthvað annað í staðinn.

Ekki lengur. Phillips hefur sett á markað myndaramma með innbyggðum vönduðum LCD skjá og minni sem rúmar 150 myndir. Skjárinn er 23 sentimetrar, horn í horn, og er hægt að láta hann standa á borði eða hanga á vegg, eftir því hvað á við hverju sinni. Í ramma eru líka tveir minnis-kortalesarar sem hægt er að nota til viðbótar við innbyggða minnið.



Að lokum er svo innbyggður hugbúnaður sem gerir þér kleift að snyrta og lagfæra myndirnar. Verðið kemur til með að verða nálægt 15-20 þúsund krónum hér á landi, en er það svo mikið fyrir 150 myndaramma? Minni útgáfa, átján sentimetrar horn í horn, er líka til.



NÓA pokar

Nákvæmlega
réttu innihaldið!



Pokarnir frá Nóa Sírúsi innihalda fjölbreytt úrval af brjóstsykri, kúlum og fleira sælgæti í falgægum umbúðum í þægilegri stærð. Nú geturðu notið hvarrar stundar með nákvæmlega rétta magninu af uppáhalds Nóa pokasælgætinu þínu.




NÓI SÍRÍUS



» SAGAN SEM ÉG VIL SEGJA

Nýjstu hugarfóstur Ragnars Bragasonar kvikmyndagerðarmanns eru Börn og Fullorðnir. Myndirnar gerir hann í samvinnu við Vesturport en auk þess að vera svarthvítar var handritið unnið á mjög sérstakan hátt. Börn verður frumsýnd á morgun, 9. september, en Foreldrar í lok október.

UM HVÆÐ ER BÖRN?

Börn fjallar um undirmálsfólk í Reykjavík nútímans og það má kannski kalla myndina Breiðholtsmynd. Þarna eru einstæðar mæður, öryrkjar og handrukkarar sem eru að fást við hið daglega líf og lífsbaráttuna. Hún fjallar um samskipti foreldra og barna, en það er þemað í báðum myndunum. Hvað það þýðir að vera barn og vera foreldri og hvaða afleiðingar það hefur hvernig þú elur upp barnið þitt.

HVERNIG VARÐ BÖRN TIL?

Ég og aðalleikararnir þrír, Gísli Örn Garðarsson, Ólafur Darri Ólafsson og Nína Dögg Filippusdóttir og restin af leikhópnum erum titlaðir handritshöfundar í Börnum. Við notuðum sérstaka vinnuáðferð, þar sem leikararnir bjuggu til sína persónu sjálfir í samstarfi við mig. Við vorum í tvö ár að undirbúa okkur og gera tilraunir að láta persónurnar hittast og finna út hvernig þær gætu tengst. Mitt hlutverk var þá bara að halda utan um vinnuna og búa til söguþráð upp úr herlegheitunum.

VAR ÞÁ EKKERT HANDRIT?

Við höfðum hefðbundið handrit eins langt og það náði, mínus dýalógurinn. Senurnar voru skrifaðar út, hvað gerist í þeim, upphaf, miðja og endir en ginn texti var skrifaður

út. Það var enginn páfagaukalærdómur fyrir leikarana. Þeir þurftu bara að verða persónan og fóru ansi langt í því eftir að hafa unnið í tvö ár við að kynna sér veruleikann sem persónan býr við.

HVÆÐ ÁTTU VIÐ MEÐ „VERULEIKANN SEM PERSÓNAN BÝR VIÐ“?

Ég tek sem dæmi Nínu Dögg. Hún leikur einstæða fjögurra barna móður sem berst í bókum, er á styrkjum, og vinnur lágláunastarf á spítala. Nína vann í mæðrastyrksnefnd í nokkrar vikur, bara til að kynna fólkinu þar og spjalla við það. Hún fór heim til sumra skjólstaðinga og kynntist aðstæðum sem þær búa við. Hún fór líka á spítala og kynnti sér starf sjúkraliðans en það er starfið sem karakterinn vinnur.

AF HVERJU ER MYNDIN SVARTHVÍT?

Ég var innsperaður af frönsku nýbylgjunni þegar ég var að koma verkinu í gagnið. Önnur ástæða er líka að þegar þú ert með verkefni þar sem er ekkert fullútskrifað handrit með dýalógum er mjög erfitt að fjármagna bíómyndir erlendis, þannig að eina leiðin að gera þessa mynd er að gera hana ódýrt og treysta á innlent fjármagn. Við höfðum ekki efni á lit því myndin er gerð algjörlega á okkar forsendum

og þegar við byrjum á tókum áttum við ekki krónu. Þetta þýddi að ég var með lítið krú og grunnreglan var að við áttum að komast inn í einn bíl, bæði tökuliðið og tækin, og það gekk. Ég var ekki með búningadeild og sminkdeild og allt það og allt var tekið upp í raunverulegum íbúðum við raunverulegar aðstæður. Þegar maður er ekki með allar þessar listrænu deildir hefur maður ekki stjórn á hlutum eins og litum og þá er hætt á því að allt verði frekar sundurlaust þannig að mun auðveldara er að vinna í svarthvítu.

ER SÖLU- OG ÁHORFENDA/VÆNT AÐ GERA SVARTHVÍTA MYND?

Eins og útlitið er núna verður þetta ein víðdreifðasta kvikmynd frá upphafi. Nú þegar er gríðarlegur söluáhugi og sex stærstu sölu fyrirtæki í Evrópu eru að berjast um dreifingarréttinn á myndinni og ég er í mjög undarlegri aðstöðu að velja og hafna úr tilboðum. Það er mjög óvenjulegt, miðað við að hvor mynd kostaði innan við þrjátíu milljónir og að maður er búinn að vinna nær launalaust að henni í tvö ár.

Annars er ég ekki að þessu til að verða ríkur, þá myndi ég gera allt öðruvísi myndir. Mig langar að segja sögur sem hreyfa við fólk og ég held að þessar myndir geri það.

HREYFING, HEILBRIGÐI, SKEMMTUN.

Herþjálfun

Nýtt á Íslandi!
Sérútbúinn
herþjálfunarvöllur
innan húss.

Eitt L.Í.F.

Námskeið fyrir börn
og unglinga
yfir kjörþyngd.

Lífsstílnámskeið

Fyrir konur og karla.
Fjölbreytt og
persónuleg þjálfun.

Mömmuprek

Í form eftir barnsburð.
Fjölbreyttar æfingar
og góður félagsskapur.

Fólk á besta aldri

Fjölbreytt námskeið
fyrir 60 ára og eldri.

Rope Yoga

Heildrænt heilsu-
ræktarkerfi sem
sameinar hug,
líkama og sál.

Fit-Pilates

Fit-Pilates þjálfar
djúpvöðva líkamans
án hamagangs.

Yoga

Grunnnámskeið í yoga.
Kraftyoga.
Besta úr báðum áttum.
(Hatha Yoga
og Rope Yoga).

Scifi

Scientific fighting.
Scifi brennsla.
Kali.

Dans

Dansskóli Birnu Björns:
freestyle, jassballet,
hip hop og
söngleikjadan
fyrir börn og unglinga.

Sundnámskeið

Mosfellsbær
Ungbarnasund.
Sund fyrir leikskólabörn.
Skriðsund fyrir fullorðna.



heilsuakademían

sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða!

Námskeið hefjast 18. september 2006.

Öll námskeiðin eru haldin í Egilshöll nema að annað sé tekið fram.





Uppruni
hlutanna

VEIFAÐU FINGRUNUM MEÐ VARÚÐ

Var það reiður New York búi sem fyrstur veifaði löngutöng framan í einhvern annan? Hvað þýðir ókei-merkið? Af hverju finnst sumum dónalegt að gera friðarmerki með vísifingri og löngutöng?

Langatöngin sem tákna er ekki ný af nálinni. Þótt uppruni sé í raun óljós eru til 2500 ára gamlar heimildir frá Rómverjum til forna um „ósvífna fingurinn“. Í gamanleik Forngríkkjans Aristophanes er langatöngin líka skilgreind sem tákna til að móðga aðra.

Táknið hefur frá upphafri verið skilgreint sem reðurtákna og í Róm til forna var mynd eða stytta af reistum lim notuð til að verjast illum göldrum og álögum. Því má ætla að upprunalega sé ekki um þá dónalegu tilvísun að ræða sem notuð er í dag, heldur miklu frekar skilaboð um að sá sem veifar fingrinum ætli sér að verjast göldrum andstæðings síns, áður en hann getur komið honum að övörum.

Í stórum hluta hins vestræna heims stendur langatöngin í dag fyrir skilaboð sem mætti þýða sem „sængaðu hjá sjálfum þér“. Í Arabalöndum er fingurinn hins vegar látinn snúa niður til að gefa til kynna getuleysi og í kínversku tákna máli stendur langatöngin fyrir frumburð af karlkyni, sem er mikið stöðutákna í kínverskri menningu.

Drepum þrællinn, eða þú ert
númer eitt?

Þegar einhver vill tákna „allt í lagi“ eða „ókei“ er það gert með því að mynda hring með vísifingri og þumli. Líklega á þessi notkun rætur sínar að rekja til borgarastríðsins í Bandaríkjunum, þegar táknið var notað á vígvöllum til að láta vita að enginn hefði látist í átökum. Núll drepnir, eða „Zero Killed“, var skammstafað O.K. og þaðan er orðið „ókei“ komið.

Í Japan þýðir táknið „núll“ en líka „peningur“. Í Þýskalandi er merkið oft notað á hraðbrautum af bílstjórum sem vilja láta í ljós álit sitt á hvorum öðrum. Þar stendur það fyrir neðri hringvöðva líkamans.

Í næstum því öllum bíómyndum þar sem skylmingaþræll kemur við sögu sjást áhorfendur rétta þumal upp ef hlífa á lífi þrælsins, en niður ef hann skal deyja. Rannsóknir benda reyndar til að þumallinn upp hafi á sínum tíma þýtt „drepa“ en krepptur hnefi, með fingur utan um þumalinn, að þrællinn skyldi halda lífi.

Í seinni heimsstyrjöldinni tóku Kínverjar á móti bandarískum hermönnum með því að veifa þumlinum og segja „Ding Hao“ sem þýddi í raun „mjög gott“ en bein þýðing er „þú ert númer eitt“. Bandarískir hermenn fluttu merkið svo með sér um alla Evrópu og þaðan hefur það breiðst um hinn vestræna heim. Lengi vel var þumallinn fullkomlega jafn móðgandi í Miðausturlöndum og langatöngin þýkir í dag. Sömu sögu er reyndar að segja um Vestur-Afríku, Rússland, Íran, Grikkland og Sardiníu.

Friður, sigur eða Frakkamorðingi?



Vísifingur og langatöng sem mynda „V“ hafa staðið fyrir ólík skilaboð í gegnum tíðina. Churchill notaði merkið óspart með handarbakið út í seinni heimsstyrjöldinni og kallaði það „V for victory“ eða „V fyrir sigur“. Honum var síðar bent á að Bretum þætti merkið mjög dónalegt og sneri eftir það lófanum út.

Túlkun Bretanna, og reyndar fleiri landa, á hugsanlega rætur sínar að rekja til miðalda. Þá hjuggu Frakkar vísifingur og löngutöng af enskum langbogaskyttum sem þeir handsömuðu til að koma í veg fyrir að þær ynnu frekara tjón. Englendingar, þekktir fyrir fágaða framkomu, fóru því að veifa fingrunum framan í Frakka sem ögrun, eins og til að segja „hah, ég er ennþá með þessa tvo og fullfær um að skjóta nokkra Frakka“.

Nixon notaði sigurmerki Churchills í Víetnam stríðinu en í mótmælaskyni tóku friðarsinnar það upp á sína arma. Kannski á það líka rætur að rekja til þess að stafurinn „V“ varð friðartákna í Belgíu í seinni heimsstyrjöldinni. Frelsi á belgísku er „vrijheid“.

RAFMAGNSTRÚM



SEPTEMBER-
TILBOÐ!

*Ekki missa af
þessu tækifæri.*



DNS-svefnkerfið

Nú á verði sem þú hefur ekki séð áður



Besta svefnkerfið samkvæmt samanturfbarránsóknunum. Svæðaskiptur stíflteki, fjaðureingar með minni.

Svefn DNA. Eit þú með þitt á fremsu! Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.



Fjaðrimar eru stíltar eftir þínu svefn DNA.

Kynetic frábær nýjung.



Hvers vegna Kynetic?

- Niðstærk álgrind með byltingarkenndu PBS fjaðrakerfi.
- Spjálvirk þrýstingurum líkamans fyrir stíttu PBS fjaðrakerfi.
- Mikil fjöðrunardýgt léttir Junga af oxum og réttir úr hryggstúla.
- Rafstítt eða án sleðafærsla.
- Hægt að fella inn í flestar rúmgirður.
- Mú nota með minnumandi dýrum, allt eftir óskum hvers og eins.
- Hægt að fja með nuddi.
- Hægt að fja með innrauðri fjarstjórn.



Traust og gott rafmagnsrúm.

Nú á verði frá **kr. 89.900** (þó + 200 em)

Rétt stiling á rúmi og vandlega valin dýna skiptir meginmáli.

Engir tveir eru eins. Með því að stílla rúndotnin rétt og setja rúndýna við hafi næst hámarks útlökun og naturlívald.

Clearrest áttalíbb vinnur gegn bakteríum, rykmaurum og sveppamyndun. Djúruverð má taka af og þvo við 60°.



PBS Pressure Balance system er byltingarkennt gagnvirk kerfi þar sem allar fjaðir rúmdæsisins eru samvekar. Þegar einni fjaðræmingu er þrýtt reður lyftist næsta fjaður upp og þannig kalli af kalli þar til allar fjaðir þrýsta jafnt á líkamann. Á þessan hátt fær líkaminn einstaka þrýstingurum.



Frábært úrval af heilsukoddum, dúnsængum og gjafavöru á **15%** afslætti



» SÁÐMAÐUR SÖNGVANNA

Hörður Torfason mun halda sína þrítugustu hausttónleika í Borgarleikhúsinu í kvöld og bíða margir eftir tónleikunum með eftirvæntingu. Hörður tók brosandí á móti blaðamanni Birtu í risísbúð sinni í Þingholtunum, heltti upp á tebolla og hóf upp raust sína um listina og lífið.

„Ég er eins manns leikhús,“ segir Hörður þegar hann lýsir sjálfum sér sem listamanni. „Fólk hefur spurt mig „hvernig leikhús er það þar sem þú situr uppi á sviði og syngur?“ Jú ég syng texta sem hafa innihald og meðan ég syng er ég að segja áhorfendanum sögu með söngvum mínum. Það leikhús sem ég er að tala um er leikhúsið sem býr í kollinum á hverjum og einum, þar er leikhúsið. Þú getur horft á heiminn og fundið ofboðslega mikið að honum en þú breytir því hægt og þú verður að byrja á sjálfum þér. Leikhúsið er og verður þú sjálfur, inni í sjálfum þér.“

Hörður er nú að halda sína þrítugustu hausttónleika en upphaflega komu þessir tónleikar í stað afmælishalda. „Ég er enginn sérstakur veislukarl,“ segir Hörður sem varð 61 árs fyrr í vikunni. „Ég hef haft alls konar útgáfur sem ég fer eftir á tónleikunum. Þetta form er betur þekkt úti í Evrópu. Skáld eða listamaður sest niður með hljóðfæri og syngur og segir sögur. Um leið er listamaðurinn umbótasinni, hann hvetur til þjóðfélagslegra umbóta. Hann fær fólk til að hugsa um umhverfi sitt og þá fyrst og fremst sjálft sig.“ Hörður segir markmið flutnings síns vera að fá fólk til að hugsa á sínum forsendum um umhverfi sitt. „Það labbar enginn út frá tónleikunum mínum með einhver sinnaskipti. Hins vegar hefur fólk sagt við mig að því finnst það verða betri manneskjur eftir að hafa verið til staðar. Og það er það sem ég er að leitast eftir. Ég er að hvetja fólk til að hugsa á eigin forsendum, ekki mínum, því ég hef ekkert meira rétt fyrir mér en einhver annar. Ég kys að ræða við fólk, þannig læri ég af fólkinu og fólkið lærir af mér.“

Í kjölfar hausttónleikanna í Reykjavík hefur Hörður ávallt lagt land undir fót með gítar í hönd og sungið sig hringinn í kringum landið. Í ár mun hann í síðasta sinn fara stóran hring um landið en segist þó alls ekki

hættur að halda tónleika á landsbyggðinni, enda er hann orðinn heimakær víða.

SYNGUR MED EIGIN NEFI

„Mig óraði aldrei fyrir því að þetta yrði mitt ævistarf,“ segir Hörður, en ferill hans spannar nú hátt í fjörutíu. „Línurnar lögðust þó fljótt og ég var tólf ára þegar ég kom fyrst fram á sviði með gítarinn og flutti söngva eftir sjálfan mig. Þá var ég að spila í Kirkju óháða safnaðarins þar sem ég var í sunnudagaskóla,“ bætir Hörður við og brosir. „Sé þetta bernskubrek talið með þá eru þetta að verða fimmtíu ár síðan ég byrjaði. Listskópunin einkennir mig sem barn, ungling og ungan mann og það er eins og ég sé skapaður í þetta form. Hæfileikinn til staðar og mitt að vinna úr honum og móta. Þetta er skemmtilegt og ógrandi og þetta er það sem liggur næst mér.“

Hörður segist ítrekað hafa hafnað því á sínum tónlistarferli að verða söluvara. Hann er sinn eigin plötuútgefandi og segist aldrei hafa sóst eftir sæti á vinsældalistum. „Ég hef oft heyrt ýmsar athugasemdir, meðal annarra að ég sé ekki söngvari, en ég er ekki söngvari, það er að segja ég er ekki poppsöngvari. Ég er frásagnarmaður og leikari sem syng með eigin nefi,“ segir Hörður og brosir af einlægni. „Uppistaðan í mínum söng er einna helst skýr textaframburður og túlkun. Margir sem heyra mig flytja söng eins og Karl R. Embu í fyrsta skipti segja eðlilega að „þetta er ekki söngur“. En það er af því ég er að túlka. Þetta er karaktersöngur. Ég held ég sé sá eini héraendis sem er með svona karaktersöngva og ég á heilt gallerí, þrjátíu til fjörutíu manns sem taka til máls um ýmis málafni. Söngvasafnið mitt skiptir orðið hundruðum söngva og að vissu leyti er ég búinn að segja megnið af því sem ég þarf að segja. Ég hef orðið fáar ástæður til að skapa


nýtt heldur byggi ég tónleika mína á gömlum merg. Það er eitt sem ég geri á mínum tónleikum, ég raða söngvunum upp á ákveðinn máta til að boðskapurinn komist til skila. Þetta er leikþáttur og það tekur á að leita að þræðinum og koma honum saman. Ég vil gefa frá mér eitthvað sem fólk tekur með sér í sálinni þegar það yfirgefur leikhúsið. Þetta er kjarninn í mínu leikhúsi, eitt hljóðfæri og ein rödd með boðskap. Síðustu ár hef ég samt hleypt fjölbreytileikanum að og í raun vita áhorfendur aldrei hverju þeir eiga von á,“ segir Hörður og glottir ofan í tebollann.

SÁÐMAÐUR SÖNGVANNA

„Ég skrifa allt mitt líf upp í söngvana mína,“ segir Hörður. „Söngvarnir mínir eru dagbókarform, mín lífsreynsla og utan um þá hef ég smíðað heilt áventýri sem heitir Vitinn. Áventýrið fjallar um strák sem fer inn í vita og upplifir stórmerkilega hluti. Strákurinn fær vængi til að fljúga. Svo verður honum á, hann verður of djarfur, vængirnir brenna af honum og hann fellur til jarðar. Þá heyrir hann í sáðmönnum söngvanna, þeim sem ferðast um heiminn og sá söngvum í hjórtu fólksins. Hann eltir þá því hann veit innst inni að hann er einn þeirra. Þetta er auðvitað það sem ég hef verið að gera í lífinu, sá söngvum eins og kornum í akur.“

Hörður lýsir sjálfum sér sem rólegum manni og segist vera laus við allar stórsveiflur. Líf Harðar hefur hins vegar ekki verið laust við stórsveiflur, og líkt og drengurinn í áventýrinu, missti Hörður eitt sinn flugið og hrapaði til jarðar.

„Ég var fyrstur til að koma út úr skápnum á Íslandi sem samkynhneigður maður. Í raun kom ég aldrei út úr neinum skáp, ég hef alltaf bara verið það sem ég er,“ segir Hörður, sem skók íslenskt samfélag með yfirlýsingu sinni um samkynhneigð í blaðaviðtali fyrir 31 ári.

A photograph of a middle-aged man with glasses, wearing a patterned sweater, standing outdoors in a garden. He is positioned in front of a wooden fence and lush green foliage. The lighting is natural, suggesting daytime. The man has a serious expression and is looking directly at the camera. His hands are tucked into his pockets. The background is filled with various green plants and trees, creating a dense, natural setting. The overall mood is contemplative and grounded.

„Ég er að hvetja fólk til að hugsa á eigin forsendum, ekki mínum, því ég hef ekkert meira rétt fyrir mér en einhver annar.“

„Ég hef oft heyrt ýmsar athugasemdir, meðal annarra að ég sé ekki söngvari, en ég er ekki söngvari, það er að segja ég er ekki poppsöngvari. Ég er frásagnarmaður og leikari sem syng með eigin nefi.“



„Áhrif mín voru þau að ég var frægur. Þarna steig guð af stalli. Þekktur ungur maður og upprennandi stjarna stígur fram og segist vera hommi, það sem fólk taldi vera barnaniðing, glæpamann eða geðsjúkling. Ég vildi sýna fólki að ég var manneskja með lífsviðhorf sem var ólíkt þeirra. Þetta er kjarninn í minni sögu og uppistaðan í mínum söngvum.“

PERSONA NON GRATA

Í kjölfar opinberunar sinnar flúði Hörður land vegna ofsókna og fordóma. „Ég varð að flýja land. Stöðugar hótanir skapa ótta, ekki aðeins við fjöldann, heldur mest við þennan eina sem læðist og birtist óvænt og skyndilega.“

Hörður segir mikið starf hafa unnist í málefnum samkynhneigðra á Íslandi frá því hann hóf baráttuna og stofnaði seinna samtökin '78. Og þrátt fyrir allar sínar fórnir mundi hann engu breyta. „Miðað við ástandið sem þá var í þjóðfélaginu, þá var ekkert hægt að gera þetta öðruvísi. Skilningurinn í samfélaginu var lítill sem enginn. Þekking er kjarni framfara og þekking kemur ekki fyrirhafnarlaust. Ég var að þreifast mig áfram í myrkri og það var þjóðfélagið sem var myrkið. Það tók mig nokkur ár að fá annað samkynhneigt fólk til að skilja að ekkert jákvætt gerist fyrr en við gerum það sjálf. Þetta kostaði mig miklar fórnir persónulega og ég var persona non grata í áratugi. Ég lærði mjög fljótt að treysta á sjálfan mig og vinna með sjálfum mér og mér hefur hingað til enst orka til þess. Ég sit ekki og tala um hlutina og geri ekki neitt. Ég framkvæmi. Það versta sem einstaklingur gerir er að gera ekki neitt. Ég lifði þetta af, með herkjum á stundum, en í dag, 31 ári seinna er svörunin komin.“

Í DAG ER GÓÐUR DAGUR

Hörður segist ekki sýta það sem liðið er og segir núíð skipta hann mestu máli. Fyrir utan hausttónleikana er komin út bók með hluta af söngvasafni hans. Síðan er nýkomin á markaðinn plata með söngvum Harðar þar sem rúmlega fimmtíu listamenn tóku sig til og heiðruðu Hörð með tónleikum í Borgarleikhúsinu. Þar fluttu þeir marga söngva Harðar og útkoman er bráðskemmtileg og fjölbreytt. Og fyrr í sumar endurútgaf Hörður plötuna Tabú í stafrænu formi. En Tabú sendi hann frá sér árið 1984 og mætti platan mikilli andstöðu vegna innihaldsins. Hörður hóf einnig fyrir nokkrum árum að semja ævintýri sem hann kallar Vitann og byggist á lífsreynslu hans. Tvær plötur úr þessu ævintýri eru komnar út, Loftssaga og Eldssaga. En þessa dagana vinnur Hörður að ævisögu sinni. „Hún verður tilbúin þegar hún er tilbúin. Það liggur ekkert á,“ segir sáðmaður söngvanna, enda hefur lífið kennt honum að dagurinn í dag er jú dagurinn til að njóta.

Ný plata með tónlist Harðar Torfa:

Heiðurstónleikar 10.09.05

Trúbadúr	Halli Reynis
Bjossi	Freyr Eyjólfsson og Magnús Einarsson
Góðan dag	Hljómsveitin Palindrome
Kossinn	Hljómsveitin Kátir piltar
Það þarf fólk einsog þig*	Rúnar Júlíusson og Sigurður Guðmundsson
Guðjón*	Fræbbblarnir og félagar í Karlakór Kópavogs
Brekkan	Fræbbblarnir og félagar í Karlakór Kópavogs
Stjörnuhrap	Fabúla
Þú	Hljómsveitin Santiago
Lítill og saklaus	Hljómsveitin Santiago
Kortir í	Bergþór Pálsson
Úlfurinn	Hljómsveitin Sign
Ég er...	Hjörtur Howser
Litla hús	Hljómsveitin Grafík og Andrea Gylfa
Litli fugl	Halli Reynis
Ég leitaði blárra blóma*	Bergþór Pálsson, Andrea Gylfa og Halli Reynis
Dé Lappé*	Hörður Torfa og allir í sal og á sviði



Rúmlega 50 listamenn söfnuðust saman í Borgarleikhúsinu og heiðruðu söngvaskáldið Hörð Torfa með tónleikum fyrir baráttuanda hans og brautryðandastörf í gegnum tíðina. Tónleikarnir voru fjölbreyttir og hrífandi og eru nú komnir á geisladisk.

Fáðu þér eintak og heiðraðu frábæran listamann.

Fæst í hljómplötuverslunum um allt land.

Dreifing: **Músik**




Mynstur
númer eitt frá Álafossi.



Vinsælasta mynstur síðustu tveggja ára er eftir Védísi Jónsdóttur.

MYND/VILHELM



EINSTAKT TÁKN FYRIR ÍSLAND

Engin ein flík er jafn ein-kennandi fyrir Ísland og lopapeysan. Fullyrða má að nær hver einasti landsmaður hafi einhverntíma íklæðst slíkri peysu og einnig er hún gríðarlega vinsæl meðal erlendra ferðamanna.

Lopapeysan hefur verið alger tískuflík síðustu tvö árin eða svo. Þröng mittispeysa með rennilás, þrjónuð úr finlegum lopa. Eitt mynstur hefur verið mest áberandi. Það er eftir Védísi Jónsdóttur hönnuð hjá Ístexi og birtast á heimasíðu fyrirtækisins. Védís vill þó ekki eigna sér hugmyndina að litlu lopapeysunni. „Það er götutiskan sem skapar þessa eftirspurn,“ segir hún. „Gamlar og þófnar lopapeysur ofan af háloftum voru allt í einu orðnar vinsælar hjá unga fólkinu og komnar í sama flokk og önnur notuð fót sem þykir töff að ganga í. „Best að vera bara í ullinni,“ hefur einhver hugsað og aðrir fylgdu á eftir.“

UM FIMMTUGT

Þó svo ullin hafi haldið yl á þjóð-

inni síðan sögur hófust er hin eina sanna lopapeysa ekki nema um fimmtugt. Hún kom fram á sjötta áratugnum, en ekki er vitað hver upphafsmaðurinn var. Um svipað leyti var byrjað að þrjóna garnpeysur með skrautlegum hringlaga herðastykkjum og var talað um peysur „með grænlenksu mynstri“ enda líktust þær grænlenksu þjóðbúningnum. Ásdís Birgisdóttir textílhönnuður og framkvæmdastjóri hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands telur þó líklegra að hugmyndir að lopapeysunni hafi verið sóttar til Svíþjóðar, því þar voru þrjónaðar svokallaðar Bohuströjor með finlegum hringmynstrum neðan við hálsmálið, strax í byrjun fimmta áratugarins.

Hér höfðu reyndar verið þrjónaðar peysur úr lopa á fjórða og fimmta tug aldarinnar, fjölbreytilegar að lit og lögum, sumar einlitar, aðrar með bekkjum og/eða doppum og ermarnar voru oftár en ekki ísettar, líkt og á saumuðum flíkum. Fyrirmyndirnar eflaust komnar frá nágrennaþjóðunum Færeyjum og Noregi. Um miðjan sjöunda áratuginn

Mörg mynstur og margir litir hafa komið við sögu. Þessar peysur eru þrjónaðar af Hallberu Karlsdóttur á Höfn.



Ein af peysum Védísar Jónsdóttur sem birtast í nýútkominni þrjónabók Ístex.



Mest stolna mynstur allra tíma. Sjálfur Ralph Lauren notaði það sem aðalmynstur í sinni hönnun fyrir einu og hálfu ári.



Útstillingargluggi tískukóngsins Ralph Lauren fyrir hálfu öðru ári.

Framhald á næstu opnu ►


„Clint Eastwood Special“

„Kúrekaferðir“ hjá Íshestum í Hafnarfirði
Upplifðu alvöru kúrekaævintýri
Heitasta ferðin í dag!

Klukkutíma hestaferð (eða gönguferð) í frábæru umhverfi.
Línudanskennsla og dansinn stigin í hlöðunni.
Skeifukast að hætti „Villta Vestursins“ – skipt í lið.
Ljúffengur kvöldverður í veitingasal Jósala.

Valinn verður:

- Besti knapinn – „Clint kvöldsins“
- Best klæddi kúrekinn



Verðlaun í föstu og fljótandi formi



Matseðill

Grilluð svínaríf (spareribs)
Marineraðir kjúklingaleggir
Maísstönglar
Sveitasalat
Bakaðar kartöflur
Grillsós

Erum með hesta sem henta bæði vönum og óvönum „kúrekum“

Hjálmar, gúmmístígvél og allur hlífðarfatnaður á staðnum

Verð aðeins 5.900 kr. fyrir allan pakkann og innifalið er 1 bjór eða gos.
Pantanir í síma 555-7000 og info@ishestar.is

komu símynstraðar peysur aftur upp á yfirborðið og engin var kona með konum nema hún þrjónaði svoleiðis peysur á sitt fólk. Hringmynstrin á herðunum náðu þó yfirhöndinni aftur og í tímans rás hafa verið teiknuð og hönnuð fjölmörg mynstur og gefin út af ullarvörufyrirtækjunum Gefjuni, Álafossi og Ístexi. Þrjónakonur landsins hafa nýtt þau, þrjónað á sig og sína og selt bæði innanlands og til útflutnings. Eljan hefur verið mikil en ekki hefur tímakaupið verið hátt.

TILBÚIN UM LEIÐ

„Ein af ástæðum þess að lopapeysan með hringmynstrinu verður svona útbreidd er að frágangurinn á henni er svo einfaldur. Hún er tilbúin um leið og búið er að þrjóna hana. Það er að segja ef um lokaða peysu er að ræða, en allnokkur vinna bætist við ef peysurnar eru opnar og ganga þarf frá tölum eða rennilásum,“ segir Ásdís Birgisdóttir, sem sjálf hefur unnið að þrjónahönnun úr íslenska lópanum. Amma hennar, Sigrún Stefánsdóttir var ein þeirra sem vann að þróun lopapeysunnar þegar farið var að framleiða hana sem söluvöru fyrir Íslenskan heimilisiðnað upp úr 1950.

Lengi vel fékkst lopinn eingöngu í plötum og voru þrjár þræðir yfirleitt raktir saman í hnykla, sem síðan var þrjónað úr. Hespulopinn frá Álafossi kom til sögunnar á sjöunda áratugnum og hiti í mark bæði hér og erlendis. Lopinn hefur verið framleiddur í ótal litum en sauðalitirnir hafa þó alltaf haft vinninginn í vinsældum, að sögn Ásdísar. Hún segir lopapeysurnar í upphafi hafðar fremur þröngar, ekki ósvipaðar tiskupeysum nútímans. Þó hafi þær verið þykkari, enda þrjónaðar úr þreföldum plötulopa. „Síðan kom hippatískan og þá víkkudu peysurnar og stækkuðu,“ segir hún. „Þannig voru þær í sniðinu þar til fyrir tveimur árum, þegar lopapeysan gekk í gegnum algera endurreisn og passar við tiskuna í dag.“

Heimild: ÁLAFOSS LOPI NO. 12
 Höf.: SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR
 Útg. ÍSTEX




Ásdís Birgisdóttir telur hugmyndir að íslensku lopapeysunni trúlega sóttar til Svíþjóðar.
 MYND/VILHELM



Dæmigerð lopapeysa frá fimmta áratugnum, eftir Ásdísi Birgisdóttur.



Nýstárleg peysa eftir Ásdísi.



Símynstraðar peysur hafa af og til stungið upp kollinum. Þessar eru frá sjöunda áratugnum.



Íslenska hestinum fer vel að vera í lopapeysu. Þessi er eftir Védísi Jónsdóttur og uppskriftina er að finna í nýrri þrjónabók Ístex.



NordicaSpa – heilsurækt á heimsmælikvarða



NordicaSpa er heilsurækt á heimsmælikvarða sem veitir fyrsta flokks þjónustu í rólegu og fallegu umhverfi.

slökun

Viðskiptavinir NordicaSpa hafa aðgang að þjálfara sem fylgir þeim eftir í tækjasal í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Boðið er upp á fjölbreytta og skemmtilega hóptíma við allra hæfi (nánari upplýsingar um stundarskrá og hóptíma á www.nordicaspa.is).

Í heilsulindinni er slökunarlaug og tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd. Hjá pottunum eru einnig tvær vatnsgufur með ilmi og úti á veröndinni er sauna.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan – NordicaSpa er heimur út af fyrir sig.

hreyfing





FLEUR DU CAP: Dramur úr fjalla- kjallaranum í Suður-Afríku

Suður-afísk vín sækja fram með hverju árinu en aðeins rúmur áratugur er síðan þau urðu almennt fáanleg á Vesturlöndum eftir að viðskiptabanninu vegna kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar lauk. Undanfarin ár hafa nokkur suður-afísk vín fengist hér á Íslandi og hafa þau fengið mjög góðar viðtökur og verið á góðu verði, sérstaklega hafa nokkra ára gömul þroskuð vín verið á hagstæðu verði. Flest suður-afísk vín eru það sem kallað er “víngerðarmannadraumur”, það er vín sem eru blönduð af ýmsum ekrum og bera sterk einkenni víngerðarmannanna. Fleur du Cap er þar engin undantekning.

Framleiðandi Fleur du Cap er Bergkelder, sem þýða má sem „Fjallakjallarinn“, og er það eitt elsta og helsta húsið í Suður - Afríku. Helsta stolt fyrirtekisins er móðurekran þar sem vínið er ræktaður og ræturnar fluttar til vínbænda í strandhéruðum Höfðastrandar. Besta uppskera þeirra vínkra er síðan notuð í vín Bergkelder og fer vínframleiðslan fram í bænum Stellenbosch í einu tæknivæddasta vínhúsi sem finnst á suðurhvelinu. Þroskaferlið fer fram í kjöllum og hellum þar sem hiti og raki er stöðugur. Vínið er síðan flutt í flöskukjallara þar sem það er geymt þar til réttum aldri er náð.

Bergkelder hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna og má nefna gullverðlaun á International Wine and Spirit Competition í London; Grand Gold í Monde Selection; Grand Prix trophies á Vinexpo í Bordeaux og tvöfalt gull á Veritas í Suður-Afríku.

Helstu vín Bergkelder eru: The Stellenryck Collection, Fleur du Cap, Grünberger, Kupferberger og Here XVII.





FLEUR DU CAP MERLOT

Nokkuð bragðmikið, mjúkt og berjaríkt, jarðbundið með eikarkeim. Vínið er kraftmikið í ávexti og síru, berjamikið með gott jafnvægi milli síru og tannína. Það ræður við flestan mat, er t.d. tilvalið með villibráð, pasta og sterkum réttum. Er ferskt og þétt og kannski dálítið franskt í sér.

Vínið hefur hlotið verðlaun nýlega á tveimur stórum vinsýningum í Kanada, á Intervin og á Ottawa Food and Wine Show. Þessi verðlaun eru mikill heiður fyrir víngerðarmanninn, Coenie Snyman. Þetta verða að teljast mjög góð kaup. *Verð í Vínbúðum 1.290 kr.*

FLEUR DU CAP CABERNET SAUVIGNON

“ Dökkryðrautt. Ilmríkt. Bragðmikið, kryddað með þroskuðum berjakeim.” segir í vínlýsingum vínbúðanna um árganginn sem nú er í sölu. Kraftmikið vín með klassískum cabernet einkennum.

Verð í Vínbúðum 1.290 kr.

FLEUR DU CAP CHARDONNAY

Vínið er að hluta til látið þroskast í tunnum og að hluta í tönkum. Það er ávaxtaríkt og fremur fínlegt og á að drekka það frekar ungt.

Verð í Vínbúðum 1.190 kr.





Heimalagaðir fiskborgarar

Ef keypt er ýsuhakk er hægt að krydda það á ýmsa vegu til að fá aðeins öðruvísi bragð í gömlu fiskibollurnar. Það er mjög einfalt og margt hægt að setja saman við hakkið. Hér eru það suðræn krydd og jurtir sem fara saman við, ásamt stöppuðum kartöflum. Borgararnir eru síðan bornir fram með kartöflustöppu og pönnusteiktu grænmeti.

600 g ýsuhakk
200 g fint stappaðar, soðnar kartöflur
(þægilegt að kaupa forsoðnar)
2 egg
hnefi steinselja, söxuð
hnefi kóríander, saxað
½ rautt chillíaldin, fint saxað
safi úr einu lime
fint rifinn börkur af einu lime
3 msk. hveiti
½ tsk. fennelfræ
1 tsk. Maldonsalt eða ½ tsk venjulegt salt
½ tsk. svartur pipar

Umsjón og eldamennska: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Mynd: GUNNAR SVERRISSON

Mylið fennelfræ, salt og pipar saman í mortéli. Setjið allt hráefnið, ásamt kryddblöndunni, saman í matvinnsluvél eða hrærivél og hrærið vel saman. Hitið olíu á pönnu, mótið litlar bollur, veltið þeim upp úr smá hveiti og setjið á pönnuna. Þrýstið ofan á bollurnar með gaffli svo úr verði borgarar. Steikið á báðum hliðum þar til gullnir. Setjið í eldfast mót og stingið inn í 200 gráða heitan ofn í tólf mínútur. Berið borgarana fram með kartöflustöppu og pönnusteiktu grænmeti.



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



Skýr



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



George er hrifinn af íslensku hráefni og notar það óspart.

Víðtal: TRYGGVI
Myndir: GVA

Hér fæ ég frið

Þegar George Holmes var strákur hljóp hann um frumskóga Indlands og veiddi villt dýr með boga og örvum. Núna rekur hann lítinn og huggulegan veitingastað á Frakkastíg sem nýtur mikilla vinsælda. Þar ægir saman indverskri matargerðalist og íslensku hráefni og er útkoman réttir sem hvergi eiga sinn líkan. George er afar hógvær maður sem virðist ákaflega sáttur við þann stað sem hann er á í lífinu. Hann fæddist í Goa á Indlandi þar sem hann ákvað ungur hvað hann vildi gera. „Það kom tímabil sem var erfitt, mamma og pabbi töpuðu miklu og lífið var erfitt. Þá spurði bróðir minn hvað ég ætlaði að gera í lífinu, hvað ég vildi verða.“ segir George. „Hann sagðist sjálfur ætla að ná upp fyrir skýjakljúfana. Ef það tækist ekki þá myndi hann alla vega ná upp á næsta þak.“ George ákvað þá að taka sér eitthvað fyrir hendur sem fæli í sér mikil ferðalög því þar lá áhuginn. „Vissulega eyðir maður öllu sem maður safnar á ferðalögum en ef það er það sem maður vill þá á maður að gera það. Ég ákvað að læra að elda og bróðir minn studdi mig heilshugar í því. Það reyndist góð ákvörðun því ég hef farið víða og fengið atvinnuleyfi í næstum öllum löndum sem ég hef sótt um,“ bætir George við brosandí. „Það er mikil fátækt á Indlandi og þess vegna vitum við Indverjar að maður þarf að leggja hart að sér til að komast áfram í lífinu, annars étur það mann upp. Ef þú gefur lífinu ekkert þá gefur það þér ekkert til baka.“

Maturinn á Indian Mango er útbúinn á hefðbundinn hátt og eru engar málamíðlanir gerðar er kemur að eldunaraðferðum og hráefnisvali. Innlendu hráefni og erlendu kryddi og ávöxtum, sérstaklega mangó, er blandað saman í nútímalegum útfærslum. „Hér á Íslandi er hráefnið svo frábært að maður þarf nánast ekki að gera neitt við það til að fá frábæran rétt. Ef ég nýti það ekki þá er ég bara eitthvað skritinn,“ segir George og hlær. Það er löng leið frá Indlandi til Íslands og George hefur stoppað víða á leiðinni.



Réttimír á Indian Mango eru bæði kunnuglegir og framandi.



Blaðamaður mælir sérstaklega með svartfuglinum sem hefur verið mjög vinsæll á Indian mango.



Shira er mikið notað sem morgunmatur og eftirréttur á Indlandi.

Þýskaland, Noregur, Kanada, Nýja Sjáland og Ástralía eru meðal stoppistöðva og í öllum þessum löndum hefur George galdrað fram Indverskan mat eins og hann gerist bestur. En af hverju Ísland? „Þegar ég var tíu ára fann ég bók um Ísland á bókasafninu í skólanum okkar. Hún var full af myndum af sjöhúsum og eskimóum og ég hugsaði með mér að þetta væri staður sem ég vildi sjá,“ segir George og hlær.

Þrátt fyrir að hér séu engin snjóhús líkar George lífið hér vel. Hér segist hann finna fyrir miklum frið og að vinni hann vel og fylgi lögunum, fái hann að gera sitt í friði. „Á Indlandi þarf maður að borga lögreglunni, borga mafiunni, borga embættismönnum og þegar maður notar allan gróðann í það er lítið eftir.“

Er George kom hingað hafði hann unnið á Four Seasons hötelum víðs vegar um heiminn. Það voru því nokkur viðbrigði að taka við kokkastöðu á Vegamótum, sem var hans fyrsti vinnustaður hér. Hamborgararnir og pastað átti ekki við George svo hann flutti sig yfir á Einar Ben, þar sem hann átti margar af sínum bestu stundum. Síðan réð hann sig í vinnu hjá Naustinu og þar kviknaði löngunin í eigin veitingastað. „Ég sá að þeir sem áttu veitingastaðina voru að græða vel. Ég sá um fiskihlaðborðið í Naustinu sem er fyrir 200-300 manns og öllum líkaði vel við það. Þá hugsaði ég: Af hverju opna ég ekki minn eigin veitingastað? Peningarnir nýtast líka vel fyrir verkefnið mitt heima á Indlandi en þar tókum við nokkur börn frá ríkinu, munaðarleysingja og börn sem lifa við erfiðar fjölskyldu- aðstæður, og veitum þeim tækifæri til skólagöngu,“ segir George.

Ristaðu uppáhaldsbátinn þinn

gómsætur **RISTAÐUR**

þú færð

á 100 krónur

þegar þú kaupir uppáhaldsbátinn þinn

Alvöru ávöxtur
- Alvöru bragð



SUBWAY

Faxafeni • Esso Ártúnshöfða • Esso Borgartúni • Esso Reykjavíkurv. Hfj.
Esso Mosfellsbæ • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópavogj
Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi • Kaupvangsstræti Akureyri
Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegj 2 Selfossi

Vandaðar vetrarvörur



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Verð kr. 6.900



Kiss - Kringlunni
Verð kr. 1.990

Kynning



Deres - Kringlunni
Verð kr. 5.990



Benetton/Sisley - Smáralind
Verð kr. 13.295
til í grænu og svörtu

Kiss - Kringlunni
Verð kr. 6.990





Kiss - Kringlunni
Verð kr. 4.990



Deres - Kringlunni
Verð kr. 6.990



Deres - Kringlunni
Verð kr. 6.990

Sautján - Kringlunni
Verð kr. 4.990
einnig til í hvítu

Deres - Kringlunni
Verð kr. 8.990



Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Gömul tíska í tísku

STJÖRNURNAR Í HOLLYWOOD SÆKJA STÍL SINN TIL FORTÍÐAR

Gömul föt hafa sjaldan eða aldrei verið jafn heit og núna og þá frá öllum tímabilum. Glamúrtímabil svarthvítu kvikmyndanna hefur verið sérstaklega vinsælt hjá Hollywood stjörnunum, en þær virðast nú teygja sig til allra tíma. Að sjálfsgöðu er þetta eitthvað sem konur ættu að taka fagnandi því allar kannast þær við að eiga sér sitt uppáhaldstímabil í sögunni. Nú er því um að gera að liggja yfir gömlum kvikmyndum, bókum og blöðum og setja svo saman fatnað í stíl við það sem heillar mest.



Paris Hilton á MTV kvikmyndahátíðinni.



Madonna árið 1984 í tjallkjól ekki ósvipuðum þeim sem Paris Hilton var í.



Scarlett Johansson er eins og klippt út úr gamalli kvikmynd.



Lauren Bacall árið 1944.



Jayne Mansfield árið 1956. Hún og Christina Aguilera eru næstum í sömu stellingum.



Christina Aguilera mætti á MTV tónlistarhátíðina uppabúin eins og gömul kvikmyndastjarna.



Nº7



Glæsileiki engum líkur

Merkið tryggir gæðin!

BOTANICS

Náttúruvara fyrir alla fjölskylduna

MEDITERRANEAN

Suðrænir ávextir og heilsusamlegar oliur

EASTERN

Austurlensk dekurlína fyrir vandláta

NATURAL COLLECTION

Ilmtegundir sem móta góða skapið



Nýtt í

BM Austurhrauni 3 - Hagkaup Smáralind - Lyfjaval Álftamýri - Betri apótekum landsins

Emilía Örylgsdóttir
elur upp



Takið losað

Einhvern daginn síðasta vor þegar ég var að sækja son minn í leikskólann, kom ég að honum þar sem hann var að stökkva milli þaka á tveimur litlum kofum sem voru í garðinum. Fyrir neðan hann stóð jafnaldra hans og mændi upp á hann aðdáunaraugum. Þegar hann sá mig brosti hann út að eyrum og kallaði til mín að hann væri að kenna henni hvernig ætti að stökkva á milli. Eðlileg viðbrögð hjá mér hefðu verið að kalla á hann til baka að koma sér niður eins og skot, því þetta væri bæði stórhættulegt og stranglega bannað, en í staðinn brosti ég bara og sagði honum að hann yrði að koma niður því við þyrftum að fara heim. Þarna á staðnum áttaði ég mig nefnilega á því að sonur minn er ekkert ungabarn lengur og ég get ekki komið í veg fyrir að hann takist nokkurn tímann á við eitthvað sem ekki er alveg hættulaust.

